Hulda Hákon á Kjarvalsstöðum:

Í hafi elds og blóma

Undanfarin ár hefur Hulda Hákon markað sér nokkra sérstöðu í hérlendum myndlistarheimi fyrir málaðar lágmyndir með innfelldum texta. Þessar lágmyndir hafa verið á mörkum myndasagna, málverka, brúðuleikhúss og skúlptúrs og hafa geislað af alþýðleik. Þau hafa minnt á forna virðingu almennings hér á landi fyrir handverki. Alúð listakonunnar við handverkið hefur ekki hvað síst orðið þess valdandi að verk hennar hafa notið talsverðrar hylli og má þar til nefna verk sem sýna biðröð utan við Þjóðleikhúsið og hina sögufrægu byggingu, Höfða. En Hulda vill ekki festast í fari myndskreytis alþýðlegra uppákoma í Reykjavík og á þeirri sýningu er hún hefur nú opnað á Kjarvalsstöðum eru engar lágmyndir fyrrnefndrar gerðar heldur málverk, skúlptúrar



Frá sýningu Huldu Hákon á Kjarvalsstöðum.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

og textar sem hafa ekki að geyma sértækar frásagnir. Sé um frásögn að ræða er hún algerlega undir sýningargestinum komin því textarnir virka handahófskenndir og málverkin og skúlptúrarnir sýna einungis tvennt: eld eða blóm.

Samræður frumlita og frumafla

Í veglega skrá er fylgir sýningunni úr hlaði ritar Michael Glasmeier um „það óskilgreinda samkomulag sem meinar samtímamönnum okkar að ræða um ákveðna hluti, til dæmis eld og blóm". Blóm og eldur hafa vissulega einkennt hátíðir og þær stundir í lífi okkar sem skipta sköpum; kertaljós, flugeldar og brennur eiga að friða sálina eða láta okkur gleyma og blóm eru til að minnast og til að sýna hluttekningu eða kærleika. Hvorttveggja; blóm og eldur, eru tákn eilífðar. Eldurinn er ýmist guðdómur sólarinnar eða jarðneskt víti. Blómið er ýmist kærleiksblóm hins uppljómaða eða jarðneskt frjósemistákn. Blóm Huldu Hákon eru blá og smágerð, blágresi eða liljur, og minna í vissri fjarlægð á öldugang hafsins, sannkallað blómahaf. Heitar rauðgular eldtungurnar mynda hér sterka andstæðu og má segja að sýningin byggist í senn á samræðum frumlita og frumafla. Textarnir gera hins vegar lítið annað en að trufla þær samræður.

Á miðum lágmynda

Það sem helst háir sýningunni er salurinn. Skúlptúrarnir eru úr máluðu steinsteypu og beinlínis krefjast einfalds umhverfis og steinsteypts gólfs. Parket Kjarvalsstaða og yfirþyrmandi loft gera verkunum talsverðan óleik. Listakonan reynir þó sitt besta til að brjóta undir sig rýmið og málar textana beint á veggi og lætur þá skara hurðir þannig að gesturinn hefur á tilfinningunni að hér ráði arkitektúr listamannsins ofar þeim sem staðurinn býður upp á. Skúlptúrarnir eru máluðu í sömu skæru litum og málverkin og heildarmyndin er því einföld og sterk. Ég hygg þó að smærri salur og annars konar húsnæði hafi hentað betur, samanber myndir frá vinnustofu í sýningarskrá. Sömuleiðis virðist mér einsýnt að þó listakonan freisti þess hér að brjótast út úr lágmyndagerðinni hljóti hún að leita á þau mið aftur því samanlögð áhrif þessarar sýningar eru að mínu viti áþekk og ef um lágmyndir væri að ræða. Skúlptúrarnir eru líkastir lágmyndum á gólfinu og málverkin hafa yfirbragð tálgumynda eða handverks þeirrar ættar líkt og fyrri verk listakonunnar. En mest er um vert að hér er um heildstæða þróun að ræða hjá listakonunni sem gæti allt eins leitað í enn fjölbreyttari farvegi er fram líða stundir.

Uppboð

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, 2. hæð, sem hér segir, á eftirfarandi eignum:

Ánaland 6, 1. hæð t.v., þingl. eig. Skúli Magnússon, gerðarbeiðandi Byggingarsjóður ríkisins, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Ásgarður 53, þingl. eig. Guðjón Sigurbergsson og Dagmar Svala Runólfsdóttir, gerðarbeiðandi Búnaðarbanki Íslands, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Baldursgata 11, 2. hæð t.h., þingl. eig. Sigríður Þórarinsdóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Bláhamrar 21, 1. hæð 01-03, þingl. eig. Kristín Anný Jónsdóttir, gerðarbeiðandi Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Dalsel 12, 3. hæð t.v., þingl. eig. Grímur Kolbeinsson og Jóhanna Ólafsdóttir, gerðarbeiðandi Byggingarsjóður ríkisins, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Eiðistorg 15, 402Æ (010402), Seltjarnarnesi, þingl. eig. María Hilmarsdóttir og Guðlaugur Hafsteinn Egilsson, gerðarbeiðendur Búnaðarbanki Íslands, Félag framreiðslumanna og Lífeyrissjóður blaðamanna, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Eldshöfði 9, þingl. eig. Höfði hf., blikksmiðja, gerðarbeiðendur Gjaldheimtan í Reykjavík og Iðnlánasjóður, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Engjasel 84, 1. hæð t.v., þingl. eig. Jónmundur Einarsson og Hrafnhildur Eiríksdóttir, gerðarbeiðandi Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Eskihlíð 3, þingl. eig. Birgir Árnason og Áslaug Gylfadóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, Búnaðarbanki Íslands, Gjaldheimtan í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Eyjabakki 14, 3. hæð t.v., þingl. eig. Sigríður Árnadóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Fannafold 82, 2. hæð 02-02, þingl. eig. Anna Lilja Sigurðardóttir, gerðarbeiðandi Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Faxafen 14, austurhluti kjallara, 12,5% heildareignar, þingl. eig. Iðngarðar hf., gerðarbeiðendur Gjaldheimtan í Reykjavík, Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna og Sameinaði lífeyrissjóðurinn, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Fellsmúli 14, 4. hæð t.h., þingl. eig. Helgi Haraldsson, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, Gjaldheimtan í Reykjavík og Tryggingamiðstöðin hf., 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Fossagata 6, ris, þingl. eig. Kristín Guðmundsdóttir, gerðarbeiðandi Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Frakkastígur 20, miðhæð, þingl. eig. Viken Samúelsson og Halla Þorgeirsdóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, Samskip hf. og Íslandsbanki hf., 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Freyjugata 15, verslunarhúsnæði í kjallara, þingl. eig. Sigrún Sigvaldadóttir, gerðarbeiðendur Gjaldheimtan í Reykjavík, Iðnlánasjóður og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Frostafold 12, 02-02, þingl. eig. Magnea Ingileif Símonardóttir, gerðarbeiðandi Byggingarsjóður ríkisins, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Frostafold 149, hluti, þingl. eig. Arnþór Einarsson, gerðarbeiðandi tollstjórinn í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Goðheimar 23, hluti, þingl. eig. Eiríkur Eiríksson, gerðarbeiðendur Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Gyðufell 16, hluti, þingl. eig. Jón Ingibjörn Ingólfsson, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, Gjaldheimtan í Reykjavík og Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Háaleitisbraut 109, 4. hæð f.m. ásamt bílskúr, þingl. eig. Björn Jóhannesson, gerðarbeiðandi Búnaðarbanki Íslands, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Háberg 6, hluti, þingl. eig. Birgir Sigurðsson, gerðarbeiðandi Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Háteigsvegur 2, efri hæð og ris, þingl. eig. Sveinn Guðmundsson, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Gjaldheimtan í Reykjavík og Íslandsbanki hf., 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Hjallaland 13, hluti, þingl. eig. Magnús Guðlaugsson, gerðarbeiðandi Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Hjallavegur 14, 02-01, þingl. eig. Gústaf Hannesson, gerðarbeiðandi Byggingarsjóður ríkisins, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Hrísrimi 35, íbúð á efri hæð og eignarhl. á 1. hæð og bílskúr, þingl. eig. Margrét Isaksen, gerðarbeiðendur Alda Jóhannesdóttir, Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, Gjaldheimtan í Reykjavík, Gunnar Þór Benjamínsson, Sparisjóður vélstjóra og Íslandsbanki hf., 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Klapparberg 7, þingl. eig. Friðrik G. Gíslason, gerðarbeiðandi Byggingarsjóður ríkisins, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Kötlufell 7, 3. hæð 03-01, þingl. eig. Inga Jóna Sigfúsdóttir, gerðarbeiðendur Gjaldheimtan í Reykjavík og Jóhann Gíslason, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Langageröi 120, þingl. eig. Elisabet Hannam, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Langholtsvegur 58, kjallari, þingl. eig. Sigurður Björnsson, gerðarbeiðandi Byggingarsjóður ríkisins, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Leifsgata 25, neðri hæð, þingl. eig. Kristgeir Hákonarson og Sigríður B. Pétursdóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Ljósheimar 16B, 5. hæð, þingl. eig. Vigdís Þórný Kjartansdóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Miðhús 44, neðri hæð 01-01, þingl. eig. Daði Þór Ólafsson, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Mjölnisholt 4, efri hæð m.m., þingl. eig. Albert Pétursson, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, Búnaðarbanki Íslands, Landsbanki Íslands og Íslandsbanki hf., 15. apríl 1994 kl. 10.00.

Neðstaberg 14, þingl. eig. Gunnar H. Magnússon, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, Gjaldheimtan í Reykjavík og Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Nökkvavogur 9, efri hæð, þingl. eig. Ólöf Birna Waltersdóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, Byggðastofnun og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Reykjabyggð 41, hluti, þingl. eig. Sigurður Halldórsson og Ester Arnarsdóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Sameinaði lífeyrissjóðurinn, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Seilugrandi 1, 05-02, þingl. eig. Sigurður Hafsteinsson og Sandra Svavarsdóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins, Gjaldheimtan í Reykjavík og Lífeyrissjóður sjómanna, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Vallarás 2, 03-01, þingl. eig. Sigurður Gunnarsson, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Vallarhús 38, 1. hæð nr. 2, þingl. eig. Hrafnhildur Björnsdóttir, gerðarbeiðandi Byggingarsjóður verkamanna, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Veghús 21, 03-02, þingl. eig. Erling Halldórsson og Gróa Gunnlaugsdóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Vátryggingafélag Íslands hf., 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Æsufell 4, 5. hæð F, þingl. eig. Haukur Hallsson og Elín Ragnarsdóttir, gerðarbeiðandi Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

Öldugrandi 5, 02-01, þingl. eig. Halla Arnardóttir og Egill Brynjar Baldursson, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður verkamanna, Gjaldheimtan í Reykjavík og sýslumaðurinn í Kópavogi, 15. apríl 1994 kl. 13.30.

SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Uppboð

Framhald uppboðs á eftirtöldum eignum verður háð á þeim sjálfum sem hér segir:

Austurströnd 2, íb. 03-03, þingl. eig. Margrét Jónsdóttir, gerðarbeiðendur Brunabótafélag Íslands, Byggingarsjóður ríkisins og Lífeyrissjóður verslunarmanna, 15. apríl 1994 kl. 14.00.

Háagerði 59, hluti, þingl. eig. Frímann Júlíusson, gerðarbeiðandi Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 15.00.

Hverfisgata 85, hluti, þingl. eig. Hlynur Vífill Ásgeirsson, gerðarbeiðendur Gjaldheimtan í Reykjavík og Lífeyrissj. Dagsbrúnar og Framsóknar, 15. apríl 1994 kl. 15.30.

Höfðatún 10, hluti, þingl. eig. Herluf Clausen, gerðarbeiðendur Gjaldheimtan í Reykjavík, Iðnlánasjóður og Íslandsbanki hf., 15. apríl 1994 kl. 15.15.

Höfðatún 10, hluti, þingl. eig. Herluf Clausen, gerðarbeiðendur Gjaldheimtan í Reykjavík, Iðnlánasjóður og Landsbanki Íslands, 15. apríl 1994 kl. 15.00.

Kaplaskjólsvegur 37, hluti, þingl. eig. Fríða Bragadóttir, gerðarbeiðendur Byggingarsjóður ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík, 15. apríl 1994 kl. 14.30.

SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK